

# Hulduheimar, Selfossi



Nafn : Leikskólinn Hulduheimar  
Heimilisfang: Erlurima 1  
Póstfang: 800 Selfoss

Símanúmer: 480-3280

Netfang: [hulduheimar@arborg.is](mailto:hulduheimar@arborg.is)

[Sjá heimasíðu Hulduheima](#)

[Símaskrá Hulduheima](#)

[Sumarleyfi leikskóla í Árborg](#)

Leikskólastjóri Krístrún Hafliðadóttir [kristrunh@arborg.is](mailto:kristrunh@arborg.is)

Aðstoðarleikskólastjóri Sólveig Dögg Larsen [solveigd@arborg.is](mailto:solveigd@arborg.is)

Leikskólinn Hulduheimar opnaði 14. nóvember 2006, í Hulduheimum geta 135 börn dvalið samtímis og í dag starfa 35 starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum.

Leikskólinn starfar í ljósi hugmyndafræði John Dewey.

Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem er lýst á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Markmið leikskólans eru:

- Einstaklingsmiðað nám, barnið í brennidepli. Byggt er á fyrri reynslu barnsins þannig að það myndast samfella milli heimilis og leikskóla og umhverfisins.
- Áhersla á að börn og starfsfólk kynnist nánasta umhverfi leikskólans og noti í daglegu starfi í leikskólanum.

- Lýðræði í leikskólanum – Lífsleikni. Unnið er með sjálfshjálp, lífsleikni, samskipti og skilning á þörfum einstaklingsins, þannig að samfella myndist í reynslu þeirra og menntun.

Kennsluaðferð leikskólans er:

Könnunaraðferðin, könnunaraðferðin æfir félagslega færni barna en félagslegfærni gengur m.a. út á að læra að gefa og þyggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingar. Börnin þurfa að læra að takast á við velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum. Verkefnavinnan skiptist í þrjá hluta sem tákna upphaf, miðju og endi.